

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

sent á samráðsgátt

Reykjavík, 20. febrúar 2020

Mál: Umsögn um drög að frumvarpi til laga til breytinga á áfengislögum

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 13. febrúar 2020. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á áfengislögum, lögum um verslun með áfengi og tóbak og lögum um aukatekjur ríkisins. Breytingarnar heimila rekstur innlendra vefverslana með áfengi í smásölu til neytenda með nánar tilgreindum takmörkunum.

Að mati SA er um að ræða tímabæra breytingu á áfengislögum. Almennigur og fyrirtæki vilja ráða því hvar og hvenær þau versla og færst hefur verulega í vöxt á síðustu árum að viðskipti séu stunduð í gegnum verslanir á netinu. Það er þægilegt fyrirkomulag, sparar tíma og eykur aðgengi að vörum og þjónustu. Frá árinu 1995 hefur almenningur getað flutt inn áfengi til landsins til einkaneyslu. Í aldarfjórðung hefur almenningur því átt möguleika á að versla áfengi í erlendum verslunum, t.a.m. vefverslunum og fengið vöruna senda heim að dyrum. Með núverandi fyrirkomulagi standa íslenskir áfengisframleiðendur höllum fæti gagnvart erlendum og með breytingunni er staðan jöfnuð að einhverju leyti. Erlendir áfengisframleiðendur geta hins vegar auglýst vöru sína öfugt við þá íslensku.

Með þeirri breytingu sem nú er boðuð er að mati SA verið að stíga þarft en varfærið skref í átt að auknu frjálsræði í sölu áfengis á Íslandi. Engin ástæða er til þess að haga þessum málum með öðrum hætti hér en í velflestum löndum Evrópu. Starfsemi er tengist áfengi er leyfisbundin á Íslandi. Svo verður áfram. Sá sem vill starfa við vefverslun áfengis mun þurfa að afla sér vefverslunarleyfis hjá sýslumanni. Leyfið verður bundið þeim skilyrðum að einstaklingur eða lögaðili hafi náð tilskildum aldri og tilkynnt ríkisskattstjóra um atvinnustarfsemi sína.

Með frumvarpinu er kveðið á um strangar reglur um aldur viðtakanda áfengis. Hann þarf í öllum tilvikum að framvísa sönnun um aldur sinn til þess er afhendir áfengið. Sá sem afhendir áfengið getur ýmist verið vefverslunarleyfishafi eða milligönguaðili sem sinnir pósthjónustu. Ef brotið er gegn því skilyrði að viðtakandi framvísi skilríki getur það varðað leyfissviptingu eða refsingum. Með þessu er að mati SA tryggt að þeir sem ekki hafa náð tilskildum aldri, sbr. 18. gr. laga nr. 75/1998, geti ekki keypt sér áfengi með þessum hætti. Þess skal getið að slík skilyrði eru ekki gildandi fyrir áfengiskaup í erlendum vefverslunum.

Með frumvarpinu er kveðið á um bann við því að hafa áfengi sýnilegt á starfsstöð vefverslunarleyfishafa. Neytendur sem eiga erfitt með þá freistingu að hafa áfengi til sýnis í daglegu lífi sínu eru því nánast eins staddir og við núverandi fyrirkomulag. Til þess að versla áfengi í dag þarf að fara í vínbúð en verði frumvarpið að lögum þurfa neytendur að fara inn á ákveðnar vefsíður. Áfengisauglýsingar eru enn bannaðar og sýnileikinn er ekki meiri nema fyrir þá sem svo kjósa. Þeir síðarnefndu munu hins vegar upplifa aukið vöruúrval og sveigjanleika við kaup á áfengi.



SA telja mikilvægt að frumvarpið verði að lögum til þess að stuðlað sé að aukinni samkeppni við áfengissölu og að jafnræði innlendra og erlendra framleiðenda verði tryggt.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún B. Gísladóttir.

Heiðrún Björk Gísladóttir